

Opið bréf frá stjórn foreldrafélags Alþjóðaskólans á Íslandi til bæjarstjórnar Garðabæjar.

Höfundur: Stjórn foreldrafélags Alþjóðaskólans á Íslandi
Skrifað: 28. September 2022

Staðan á öryggismálum við skólann

Skólastarf er hafið og framkvæmdir við nýtt húsnæði skólans eru komnar á fullt. Þó liggur fyrir að skólinn mun ekki hefja skólastarf í Þórsgrund 2 fyrr en haustið 2023. Staðan er því þannig að flest öll kennsla fer fram í Þórsmörk og færanlegum stofum á þeirri lóð. Nemendur nýta einnig Sjálandsskóla þar sem þeir fara í sund og íþróttir ásamt því að nota matsalinn og leiksvæði skólans. Nú er verið að leggja lokahönd á veg á milli Þórsmörkur svæðisins og undirganganna að Sjálandsskóla sem börnin nýta nokkrum sinnum á hverjum degi. Börnin munu því þurfa að ganga yfir þessa götu oft á dag sem er mikið áhyggjuefni eftir að opnað verður fyrir umferð á veginum.



Áhyggjur foreldra

- Enn og aftur verðum við að láta það í ljós að upplifunin hjá okkur er að við sitjum ekki við sama borð og aðrir skólar í bæjarfélaginu þetta hafði ekkert verið kynnt, við tókum eftir göngustígnum og framkvæmdum en þetta blasti við okkur núna í upphafi skólaárs.
- Hvernig getur það verið að öryggi barna sé ekki í fyrirrúmi við skipulag á svona miklum framkvæmdum og því raski sem þetta hefur á þeirra daglega líf.
- Núna er skammdegið að skella á og þá vissulega aukast áhyggjur af því hvort einfaldlega börnin sjáist á þessum bletti.

Spurningar foreldra til bæjarstjórnar

- Hvernig hefur verið hugsað út í öryggi þessara barna sem fara þarna um þennan veg lágmark 2 sinnum á dag?
- Hefur verið hugsað út í lýsingu á svæðinu núna þegar myrkrið er að skella óðfluga á og börnin munu vera ganga þarna í myrkri?

Óskir foreldra til bæjarstjórnar

- Við óskum eindregið eftir því að þessi vegur verði ekki opnaður fyrir umferð fyrir lok þessa skólaárs eða þar til megnið af starfseminni er komin yfir í nýju bygginguna.

Fyrirhönd foreldrafélasins og fulltrúa skóla í grunnstöð:

Sigrun Boatwright

Chris McClure

Tanja Johanna P. Wohlrab-Ryan

Damaris Wawira Kariuki

Karin Marguerite Schmitz

Zuzana Rutenberg

Aleksandra Savlova

Signý Valbjörg Sigurpórsdóttir

Ellen Guðlaugsdóttir

Hafdís Ósk Jónsdóttir

Ólafur Aron Sveinsson